

Nd.

665. Frumvarp til laga

[32. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. apríl.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framan- greindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.